



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Alþingi,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. maí 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, 793. mál, gengishagnaður.

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva fagna frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, sem felur í sér að draga megi fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers kyns eignum og skuldum í erlendum verðmæli frá tekjuskattsstofni rekstrarársins 2005 og dreifa þeirri fjárhæð á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008 eins og nánar er lýst í frumvarpinu.

Samtökin telja að hér sé um mikið réttlætismál að ræða þar sem gengi íslensku krónunnar hefur á undanförunum árum verið mun hærra en getur staðist, af ástæðum sem ekki verða raktar hér.

Eins og lýst er í athugasemdum með frumvarpinu hefur hátt gengi krónunnar haft afar slæm áhrif fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinarnar vegna tekjusamdráttar. Þegar við bætist að samkvæmt nágildandi tekjuskattslögum er fyrirtækjum gert að greiða tekjuskatt vegna þess að skuldir í erlendri mynt lækka tímabundið vegna styrkingar krónunnar er afar brýnt að breyta lögnum eins og hér er lagt til. Þess má geta að meðalgengi íslensku krónunnar á síðasta ári var 108,65 stig en ekki er óvarlegt að áætla að jafnvægisgengi sé um 137 stig um þessar mundir.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva

Friðrik J. Arngrímsson

Guðbergur Rúnarsson

## Áætlað jafnvægisnafngengi

